

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 15. febrúar 2002 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á reglugerð ráðsins nr. 2414/2001/EB frá 7. desember 2001, um breytingar á Schengen-reglugerð nr. 539/2001/EB um vegabréfsáritanir, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 15. febrúar 2002.

Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 25. febrúar 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2414/2001

frá 7. desember 2001

um breytingar á reglugerð (EB) nr. 539/2001 þar sem talin eru upp þriðju lönd þar sem ríkisborgarar verða að hafa vegabréfsáritun til að fara yfir ytri landamæri aðildarríkjanna og þriðju lönd þar sem ríkisborgararnir eru undanþegnir þeirri kvöð.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR, með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum i-lið b-liðar 2. mgr. 62. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins¹,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EBE) nr. 539/2001² er Rúmenía á meðal þeirra þriðju landa þar sem ríkisborg-

COUNCIL REGULATION (EC) No 2414/2001

of 7 December 2001

amending Regulation (EC) No 539/2001 listing the third countries whose nationals must be in possession of visas when crossing the external borders of Member States and those whose nationals are exempt from that requirement

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION, Having regard to the Treaty establishing the European Community, and in particular Article 62(2)(b)(i) thereof,

Having regard to the proposal from the Commission,

Having regard to the opinion of the European Parliament¹,

Whereas:

- 1) Regulation (EEC) No 539/2001² includes Romania among the third countries whose

1 Opinion delivered on 29 November 2001 (not yet published in the Official Journal).

2 OJ L 81, 21.3.2001, p. 1.

1 Áliti var skilað 29. nóvember 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

2 Stjtið. EB L 81, 21.3.2001, bls. 1.

arar eru undanþegnir kvöð um vegabréfsáritun en jafnframt kemur fram að beiting undanþágunnar, að því er varðar rúmenska ríkisborgara, er háð seinni tíma ákvörðun ráðsins. Sú ákvörðun skal tekin á grundvelli skýrslu sem framkvæmdastjórninni bar að leggja fyrir ráðið eigi síðar en 30. júní 2001 og áttu að fylgja henni viðeigandi tilmæli eftir atvikum.

- 2) Í skýrslu sinni frá 29. júní 2001 bendir framkvæmdastjórnin á óvefengjanlegan árangur Rúmeníu að því er varðar ólöglegan innflutning fólks frá landinu, svo og stefnu landsins í vegabréfsáritunarmálum og við landamæraeftirlit. Framkvæmdastjórnin vekur einnig athygli á skuldbindingum þeim sem Rúmenía hefur gengist undir á þessu sviði. Að lokum beinir framkvæmdastjórnin þeim tilmælum til ráðsins að rúmenskir ríkisborgarar verði undanþegnir kvöð um vegabréfsáritun frá og með 1. janúar 2002.
- 3) Til að unnt sé að láta undanþáguna frá kvöð um vegabréfsáritun gilda um rúmenska ríkisborgara ber að fella brott ákvæði reglugerðar (EB) nr. 539/2001 sem viðhalda tímabundið kvöð um vegabréfsáritun.
- 4) Breska konungsríkið og Írland munu ekki, í samræmi við 1. gr. bókunarinnar um afstöðu Breska konungsríkisins og Írlands sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, taka þátt í samþykkt þessarar reglugerðar. Þar af leiðandi, og með fyrirvara um 4. gr. þeirrar bókunar, gilda ákvæði þessarar reglugerðar ekki að því er Írland eða Breska konungsríkið varðar.
- 5) Að því er lýðveldið Ísland og konungsríkið Noreg varðar telst þessi ákvörðun vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna og falla innan sviðsins sem um getur í B-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag um beitingu samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna³.

nationals are exempted from visa requirements, but makes the application of the visa exemption to Romanian nationals conditional on a decision to be taken at a later stage by the Council. That decision is to be taken on the basis of a report which the Commission was to present to the Council by 30 June 2001 at the latest and which was to be accompanied by any recommendations that might be appropriate.

- 2) In its report of 29 June 2001, the Commission notes the undeniable progress made by Romania as regards illegal immigration from its country, its visa policy and the controls at its borders. The Commission also sets out the commitments entered into by Romania in this field. The Commission concludes by recommending to the Council that Romanian nationals be exempted from the visa requirement as from 1 January 2002.
- 3) In order to apply the visa exemption to Romanian nationals, the provisions of Regulation (EC) No 539/2001 which provisionally maintain the visa requirement should be deleted.
- 4) Pursuant to Article 1 of the Protocol on the position of the United Kingdom and Ireland, annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, Ireland and the United Kingdom are not participating in the adoption of this Regulation. Consequently, without prejudice to Article 4 of that Protocol, the provisions of this Regulation do not apply to Ireland or to the United Kingdom.
- 5) As regards the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway, this Decision constitutes a development of the provisions of the Schengen acquis falling within the area referred to in Article 1(B) of Council Decision 1999/437/EC of 17 May 1999 on certain arrangements for the application of the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the association of those two States with the implementation, application and development of the Schengen acquis³,

3 OJ L 176, 10.7.1999, p. 31.

3 Stjtið. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

HAS ADOPTED THIS REGULATION:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EB) nr. 539/2001:

1. Í stað tólfstu forsendu komi eftirfarandi:

„12) Í þessari reglugerð er kveðið á um algjöra samræmingu að því er varðar þriðju lönd, þar sem ríkisborgarar falla undir kvöð um vegabréfsáritun til að fara yfir ytri landamæri aðildarríkjanna, og þriðju lönd þar sem ríkisborgararnir eru undanþegnir þeirri kvöð.“

2. Í stað 2. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„Ríkisborgarar þriðju landa í skránni í II. viðauka skulu undanþegnir þeirri kvöð sem sett er fram í 1. mgr. þegar um er að ræða dvöl sem er ekki lengri en þrír mánuðir alls.“

3. Í stað 8. gr. komi eftirfarandi:

„8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.“

4. Eftirfarandi falli brott úr II. viðauka:

- stjarna við Rúmeníu,
- neðanmálsgreinin þar sem vísað er í 2. mgr. 8. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 7. desember 2001.

Fyrir hönd ráðsins,
M. VERWILGHEN
forseti.

Article 1

Regulation (EC) No 539/2001 is hereby amended as follows

1. The twelfth recital shall be replaced by the following:

“12) This Regulation provides for full harmonisation as regards the third countries whose nationals are subject to the visa requirement for the crossing of Member States’ external borders and those whose nationals are exempt from that requirement.”

2. Article 1(2) shall be replaced by the following:

“Nationals of third countries on the list in Annex II shall be exempt from the requirement set out in paragraph 1 for stays of no more than three months in all.”

3. Article 8 shall be replaced by the following:

“Article 8

This Regulation shall enter into force on the 20th day following that of its publication in the Official Journal of the European Communities.”

4. The following shall be deleted from Annex II:

- the asterisk against Romania;
- the footnote referring to Article 8(2).

Article 2

This Regulation shall enter into force on the 20th day following that of its publication in the Official Journal of the European Communities.

This Regulation shall be binding in its entirety and directly applicable in the Member States in accordance with the Treaty establishing the European Community.

Done at Brussels, 7 December 2001.

For the Council
The President
M. Verwilghen